

DRAUMABORG

Miklatorg- draumaborg í miðbæ

DRAUMABORGIN

Borgir og borgarskipulag hefur verið umfjöllunarefni vísinda og lista frá því að þéttbýli fór að þróast og allt fram á okkar daga. Þéttbýlismyndun hefur skapað gífurlegar félagslegar, efnahagslegar og umhverfislegar breytingar. Við megum líta á þessar breytingar sem neikvæðar. Þéttbýlismyndun er ekki aðeins nútímafyrirbæri heldur hröð og söguleg umbreyting á samfélagslegum rótum manna á heimsvísu þar sem dreifbýlismenningu er hratt skipt út fyrir borgarmenningu. Hún skapar okkur tækifæri til aukinnar sjálfbærni með möguleika á að nýta auðlindir á skilvirkari hátt. Hún skapar sjálfbærari landnýtingu og verndun líffræðilegs fjölbreytileika náttúrulegra vistkerfa.

Þróun þéttbýlis og sjálfbærni borga, samfara aukinni þéttbýlismyndun er kjarni alþjóðlegrar stefnu um sjálfbæra þróun. Sameinuðu þjóðirnar hafa nýlega spáð því að næstum öll íbúafjöldgun á heimsvísu frá 2017 til 2030 verði í borgum.

Þessar miklu breytingar, sem alls ekki er lokið þó við stundum viljum halda það, hafa verið fjölmörgum listamönnum innblástur. Þeir hafa fjallað um þéttbýlið á margvíslegan hátt og hefur sú umfjöllun m.a. veitt okkur innblástur við vinnslu tillögu okkar. Við höfum m.a. fjallað um „draumaborgina“ og „ósýnilegu borgina“. Skoðað listræna nálgun viðfangsefnisins s.s. „Blade Runner“ sem fjallar um einsleita framtíð borga af völdum hnattvæðingar þar sem staðarandinn er horfinn, „Lower Manhattan Expressway“ sem aldrei varð - þar sem bíllinn er settur í margra hæða göng neðanjarðar og fólkinu gefnar eftir göturnar og strætin. Við höfum líka skoðað „Hobbiton“, hérað í Hobbitanum þar sem allt er grænt og sjálfbært. Auðvitað höfum við svo skoðað raunverulegar útópíur; erlend hverfi og þéttbýli sem eru svo frumleg og skemmtileg að við óskum okkur að hafa skipulögt þau sjálf! Svo má ekki gleyma okkar eigin nærumhverfi, Þingholtunum, Hlíðunum, Melunum og Norðurmýrinni. Þau eru okkur sífelldur innblástur.



Invisible Cities, Italo Calvino

INNGANGUR

Hópurinn er þverfaglegt teymi arkitekta, skipulagsfræðinga, landslagsarkitekta, samgöngusérfræðinga, gagnvirkra hönnuða og upplifunarhönnuða frá ASK arkitektum, EFLU verkfræðistofu og Gagarín.

Markmið verkefnisins er að skapa borgarumhverfi fyrir alla, umhverfi sem eykur lífsgæði og stuðlar að bættri lýðheilsu. Borgarlínan er kjarninn þar sem tilkoma hennar er liður í að endurheimta land fyrir fólk, bæta tengingar milli borgarluta, borgarumhverfis og náttúrusvæða og stuðla þannig að auknu jafnrétti, bættri lýðheilsu og bættum loftgæðum í borginni. Uppbygging á svæðinu býr til samfellda borgarmynd, sem í dag er sundruð með stórkallalegum umferðamannvirkjum.

LEIÐARLIJÓS:

- Bættar tengingar
- Fjölbreytileiki
- Jafnrétti
- Lýðheilsa
- Loftlagsmál
- Sjálfbærni



Borg... fyrir allskonar!

STÓRA MYNDIN

Mót Miklubrautar, Snorrabrautar og Bústaðavegs eru annasöm og flókin í dag. Gatnamótin eru aðallega á forsendum hins akandi og aðrir ferðamátar eiga erfitt uppdráttar. Þetta breytist með því að meginumferð bíla austur/vestur er sett í stökk og opnast þá svæðið á nýjum forsendum allra ferðamáta. Snorrabraut er á sínum stað og tengist Hlíðarenda með Borgarlínu. Miklabraut er á sínum stað og tengist Snorrabraut, en þar sem megin umferð austur/vestur er ekki að trufla, fáum við mennskari gatnamót. Bústaðavegur er á sínum stað, en tengist Snorrabraut á einfaldan og auðskilinn hátt. Þessar breytingar gatnamóta opna gríðarleg tækifæri til mótunar lands og byggðar á þessu svæði. Mótun lands á allt öðrum forsendum en þeim sem við höfum haft hingað til. Tengingar milli Norðurmýrar og Hlíðarenda, Öskjuhlíðar og Landspítala eru nánast bílfrjár, gróðursæl svæði. Eru ekki allir að tala um Græna borg?

Þessar breytingar smita langt út fyrir þessar megin tengingar. Það opnast möguleikar til austurs til að þróa byggð sem hefur verið í eins konar biðstöðu vegna umferðar og umferðarmannvirkja. Enn aðrir möguleikar opnast til vesturs, þar sem við leggjum til að megin biðstöð almenningsvagna tengist svæðinu og um leið stærsti vinnustaður landsins, Landspítalinn. Ekki má gleyma tengingum til suðurs að Hlíðarenda, Háskólans í Reykjavík og flugvallarsvæði. Þar opnast gríðarlegir möguleikar til þróunar svæða í góðum tengslum við miðborgina.

Tillögu okkar skiptum við í þrjú megin svæði;

- Miklatorg
- Borgarlínustöð
- Svæði milli Skógarhlíðar og Bústaðavegar; svæði sem við höfum í hæversku okkar kallað „Brooklyn“ norðursins.
- Byggð á norðurhluta Hlíðarenda og við Bústaðaveg



MENNTASETUR

BURKNATORG

SNORRATORG


MIKLATORG

PITT HÚS

BÚSTAÐAVEGUR
BÚLEVARÐUR

„BROOKLYN“ NORÐURSINS

GRÓÐURHÖLLIN







BUKRNAGATA

SYRRBRAUT

KLAMBRATÚN

MIKLABRAUT

HRINGBRAUT

ESKIHLEIÐ


SKÓTARLEIÐ

FLUGVALLARVEGUR


BÚSTADARVEGUR

HLIÐARENDI


ARNARHLÍÐ



SNID A-A



SNID B-B



SNID C-C



SNID D-D



SLEÐABREKKA VIÐ BÚSTAÐAVEG

MIKLATORG

Miklartorg er hjartað í tillögunni, austan Snorrabrautar. Það hallar sér að Landspítala, Brooklyn, Klambratúni og Hlíðarenda. Hér er tengipunktur mannlífs í borginni. Margt fólk, úr öllum áttum sem kemur og fer í mismunandi tilgangi. Spítalinn er einn af aðalleikurunum, Háskólarnir báðir, tenging við flugvöllinn, íþróttastarfsemi á Hlíðarenda og útivistarsvæðin í Öskjuhlíð og Klambratúni. Þetta svæði tengir líka hverfin sem að því liggja. Hér er iðandi mannlíf; virkt og örvandi borgarumhverfi. Það er hreyfing á fólki, en líka aðstaða til að staldra við, nærast og eiga vinfund. Í öndvegi er hús fólksins, eða þitt hús, eins og við höfum kallað það. Fjölbreytt starfsemi fyrir fólk af öllum kynslóðum; menning, íþróttir, fyrirlestrar.

Torg verður aldrei torg nema það sé fódrað af umhverfi sínu. Hér væri rétt umhverfi fyrir Óla blaðasala og Helga Hós er slíkir væru til í dag! Reisulegar byggingar með veitingastöðum á götuhæð, blöndu af skrifstofum og íbúðum á efri hæðum.

Hlíðartorg Miklartorgs er lítið leiktorg við gömlu Eskihlíð. Þar er meiri áhersla á börn, leiktæki, tónlist; götugögn og veitingar við hæfi yngstu kynslóðarinnar. Hér ríkir söpunargleði. Við borðum nesti, spilum körfubolta og horfum á litla Valsara leika listir sínar. Nú geta þeir sótt æfingar án þess að að þvera stórflytið sem umferðin er í dag.

Miklartorg er tengt Hlíðarenda með björtum undirgöngum undir Bústaðaveg. Við suðurhlíð undirganga er sleðabrekka í öruggu skjóli frá akandi umferð





MIKLATORG, HORFT FRÁ ESKIHLÍÐ



MIKLATORG, BITT HÚS Í ÖNDVEGI

BORGARLÍNA

Á Burknagötu, vestan Snorrabrautar og á Snorrabraut eru megin stoppistöðvar almenningavagna. Með tvískiptingu þeirra er hægt að minnka umfang og dreifa álagi. Á þessum hluta Snorrabrautar eru allir ferðamátar jafn rétt háir (e. shared space). Á horni Burknagötu og Snorrabrautar eru tvær byggingar sem rúma fjölbreytta þjónstu, hið nýja BSÍ eða samgöngumiðstöð. Byggingarnar tengjast með yfirbyggðri göngugötu. Þar eru verslanir og veitingahús og tækifæri til að grípa síðasta kaffibollann áður en lagt er í ann. Hér einnig kaupmaðurinn á horninu með brýnustu nauðsynjar og blómabúðin sem selur okkur blómvöndinn þegar við erum á leið í heimsókn til ömmu á spítalann. Vonandi heilsast henni vel.

Miklatorg tengist Borgarlínustöðvum yfir Snorrabraut, um Snorratorg og göngugötu.





BSÍ SÉÐ FRÁ MIKLATORGI



SNORRABRAUT, HORFT TIL NORÐURS

„BROOKLYN“ NORÐURSINS

Með nýrri hugsun opnast þróunarmöguleikar á svæðinu milli Bústaðavegar og Skógarhlíðar. Í dag er svæðið nýtt á takmarkaðan máta, með stakstæðum húsum og gríðarlegum bílastæðum. Við sjáum fyrir okkur uppbyggingu sem þéttir byggðina og skapar umhverfi nýrra bygginga í miklu návígi þeirrar eldri. Flestar núverandi byggingar á svæðinu sem falla vel inn í nýtt borgarmynstur. Hér myndast torg, sund og tengingar sem enginn hafði hugmyndaflug til að ætla að væru til staðar. Hér heyrum við tónlist og skvaldur í hverju horni!





BROOKLYN, HORFT TIL VESTURS



BYGGÐ Á NORÐURHLUTA HLÍÐARENDA OG VIÐ BÚSTAÐARVEG

Sunnan við Bústaðaveg, vestan Snorrabrautar, í einu laufblaði núverandi gatnamóta, opnast möguleiki á uppbyggingu. Við gerum í tillögunni ekki ráð fyrir að byggt verði á æfingasvæðum Vals, en hér er svæði sem hugsanlega mætti byggja menntasetur fyrir ört stækkandi Hlíðarendahverfi.

Í tillögunni er Bústaðavegur eins konar búlevarður frá Flugvallarvegi að Snorrabraut. Þétt byggð á báðar hliðar, með atvinnuhúsnæði og verslunum á götuhæð. Byggingar við hlið íþróttahúss Vals tengjast íþróttahúsinu á jarðhæð og skapa möguleika á fjölbreyttri notkun í tenglum við



KENNILEITI

Sunnan Snorratorgs eru tvær byggingar. Hér er hús miðlunar, nýsköpunar og hönnunar. Við hlið þess megin kennileiti svæðisins; Gróðurhöllin, lóðrænn landbúnaður sem rís á mörgum hæðum (e: vertical farming). Hér er framúrstefnuleg ræktun, þar sem hægt er að hafa stjórn á birtu, loftraka, hita, kælingu og lofttegundum sem gerir framleiðslu matvæla og lyfja innanhúss mögulega. Með nýjum hugmyndum um umhverfisstjórnun í landbúnaði er þessi aðferð tækni til ræktunar innanhúss. Að mörgu leyti er lóðrétt ræktun svipuð gróðurhúsum þar sem geislun og stýrð lýsing auka náttúrulegt sólarljós. Meginmarkmið lóðréttar ræktunar er að hámarka framleiðslu ræktunar á takmörkuðu rými ásamt því að stuðla að staðbundnum lausnum þar sem ræktendur og kaupendur komast hjá því að flytja mat borga eða heimshorna á milli.

Það er táknrænt fyrir borgarskipulag 21. aldarinnar að hugað sé að grænum lausnum í þéttu borgarunhverfi. Gróðurturninn sést víða að og er ekki eingöngu kennileiti svæðisins, heldur sýnilegt tákni um nýja tíma í umhverfimalum.

Í Gróðurturninum er fjölbreytt starfsemi sem tilheyrir ræktuninni, rannsóknar- og vísindastarfsemi, kennsla og almenn skrifstofustörf. Hér kaupum við grænmeti og aðrar lífrænt ræktaðar nauðsynjar til að maula í Borgarlínunni - eða tökum með okkur heim til að gefa börnunum hollan mat.





HJARTAÐ, YFIRLITSMYND




GRÆNT SVÆÐI



BYGGÐARMUNSTUR



GÖNGUSVÆÐI / FLÆÐI



NOTKUN

- STARFSEMI
- ÍBÚÐIR
- STARFSEMI Á 1.HÆÐ / ÍBÚÐIR Á EFRI HÆÐUM



TILVÍSANIR & STEMMING

STÆRÐIR OG MAGN

BYGGINGARMAGN: 165.000 M²

HÆÐIR: 3-8

SVÆÐI: 105.000 M²

NÝTINGARHLUTFALL: 1,6

NÚV BYGGINGARMAGN: 20.000 M²



SAMGÖNGUR

ALMENN UMFERÐ:


Vistvænum samgöngum er gert hátt undir höfði á skipulagssvæðinu sem veitir starfsfólki og íbúum þann valkost komast ferða sinna án einkabíls.

Tengibrautir almennrar umferðar eru með samsíða bílastæðum og sameiginlegum göngu-og hjólastígum. Á milli bygginga innan hverfis eru stígar sem þjóna neyðarbílum, sorphirðu og aðföngum íbúa. Þessir stígar eru einstefnur og merktir sem vistgötur.

Tvö til þrjú bílastæðahús eða kjallarar eru á svæðinu en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir bílastæðum fyrir utan stöku samsíða stæðum í götum.

Bústaðavegur er sem áður ein megin tenging akandi umferðar frá suðurhluta höfuðborgarsvæðisins. Framtíðarsýnin er að austan Arnarhlíðar sé hann gróðursæll búlivarður, með einstefnu hjóla-og göngustíga báðum megin og samsíða bílastæðum. Bústaðavegur tengist Hringbraut með ljósastýrðum gatnamótum við Snorrabraut. Umferð að vestan um Hringbraut, á leið austur í sveitir, gleypa stokkarnir. Sama gildir um umferð að austan sem ekki á erindi á Miklatorsg.

Miklabraut tengist Burknagötu um ljósastýrð gatnamót í báðar áttir. Snorrabraut er tvísteftna að Arnarhlíð og bæði þessi ljósastýrðu gatnamót skila akandi umferð í allar áttir. Á milli þessarar ljósastýrðu gatnamóta á Snorrabraut er umferð allra ferðamáta á jafnréttisgrundvelli.



ALMENN UMFERÐ █

ALMENN UMFERÐ
MEÐ TAKMÖRKUNUM █

SAMGÖNGUR

ALMENNINGSVAGNAR:

Borgarlínan ekur að og frá Landspítalaskvæði í sérrými frá Arnarhlíð að Bústaðavegi. Á milli gatnamóta Bústaðavegar og Miklubrautar ekur hún í sérrými á miðju Snorrabrautar. Gert er ráð fyrir tveimur tengistöðvum á svæðinu. Einni í Burknaðgötu við gatnamót Snorrabrautar og annarri á Snorrabraut.

Gönguleið um yfirbyggða göngugötu er á milli stöðvanna og er þáttur í dreifa álagi og draga farpega nær mannlífínu og tengja þær Miklartorgi og Brooklyn. Stöðvarnar eru einnig hugsaðar sem skiptistöðvar fyrir almennar leiðir Strætó.

GÖNGU OG HJÓLASTÍGA TENGINGAR:

Einstefnu göngu- og hjólastígar eru meðfram Borgarlínu á Arnarhlíð. Tengingar eru einnig við göngu- og hjólastíga sem liggja meðfram núverandi Hringbraut.

Til að tengja betur núverandi byggð og íþróttasvæði Vals við uppbyggingu á Miklartorgi er gert ráð fyrir gönguleið um Miklartorg og Brooklyn og björtum undirgöngum undir Bústaðaveg við Arnarhlíð.

Göngustígar eru meðfram öllum megin umferðarleiðum, beggja vegna gatna. Göngusvæði eru milli garða og torga um allt svæðið svo gangandi vegfarendur eru í forgangi í samræmi við áherslur í skipulagsmálum Reykjavíkur síðustu árin.



BORGARLÍNA/
ALMENNINGSVAGNAR Í SÉRRÝMI

ALMENNINGSVAGNAR Í
BLANDAÐRI UMFERÐ

STOPPI/SKIPTISTÖÐ



EINSTEFNUSTÍGAR

TVÍSTEFNUSTÍGAR

SAMEIGINLEGIR STÍGAR

UMHVERFISMÁL

Til þess að mæta markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 beitum við fjölbreyttum lausnum í skipulagi, hönnun og uppbyggingu svæðisins sem stuðla að minna kolefnisspori. Aukin hlutdeild vistvænna samganga, blágrænar ofanvatnslausnir, fjölbreytt og vel skilgreind dvalarsvæði og aukin áhersla á gæði almenningsrýma og stígakerfis eru hluti af mótvægisáðgerðum vegna loftslagsáhrifa en um leið liður í bættri lýðheilsu. Náttúruleg vistkerfi úr nærumhverfi svæðisins verða dregin inná svæðin. Opin svæði er vel tengd við önnur gróðursvæði og mynda smærri net innan svæðis og stærra net grænna svæða í borgarumhverfinu. Gróðurþök og gróðurveggir verða hluti af blágrænum ofanvatnslausnum, en auka um leið líffræðilega fjölbreytni, binda kolefni og skapa vistlegt umhverfi. Stefnt er að nýtingu núverandi mannvirkja innan svæðisins eins og kostur er. Til þess að lágmarka flutning efna frá svæðinu verður horft til þess að endurnýta efni sem fellur til innan svæðis s.s. við landmótun og fyllingar. Litlar vindmyllur má nýta í almenningsrýmum, á biðstöðvum og þökum bygginga til framleiðslu á vistvænni orku t.d. til upphitunar biðskýla, hleðslu smátækja, lýsingar o.fl. þ.h. Með því að halda utan um kolefnisspor uppbyggingar og starfsemi má vinna markvissar að því að auka kolefnisjöfnun með leiðum eins og uppgræðslu, endurheimt votlendis og skógrækt. Gert verður ráð fyrir aðstöðu til flokkunar og endurvinnslu, reitum til ræktunar og moltugerðar t.d. fyrir íbúa, rekstaraðila mótuneyta og veitingastaða.

